



Skipulagsstofnun

Borgartún 5-7
105 Reykjavík

Þorlákshöfn, 27. Október 2021

Svör framkvæmdaraðila vegna umsagnar Brimbrettafélag Íslands um matsspurningu vegna breytinga hafnarmannvirkja í Þorlákshöfn.

- „Brimbrettafélag Íslands gerði kynningarmyndband (sjá í meðfylgjandi netpósti). Safnaði undirskriftum og þrýsti á stjórnvöld í Ölfus til að vernda sameiginlega hagsmuni Þorlákshafnarbæjar og brimbrettafólks sem kemur hvaðan af úr heiminum til að standa hina heimsfrægu öldu í Þorlákshöfn“

Hagsmunir Þorlákshafnarbæjar af þessari öldu eru agnarsmáir, einkum í samanburði við bætta hafnaraðstöðu. Þeir fáu iðkendur sem nýta svæðið af og til koma svo til allir frá höfuðborgarsvæðinu og skilja lítið eftir í sveitarfélaginu. Hér er jafnframt mjög frjálsglega farið með orðið „heimsfrægu“.

- „Síðar á þessu ári komu fram nýjar deiluskipulagsbreytingar á höfninni í Þorlákshöfn þar sem stækkunin er minnkuð og suðurvarargarðurinn ekki færður alla leið að bílplaninu við aðalbrotið heldur hálfa leið. Með þessari breytingu er von á að „aðalbrotið“ muni ekki skemmast.“

Umfang Suðurvaragarðs var minnkað og hann færður í kjölfarið á samráðsfundi í Þorlákshöfn vorið 2021 þar sem báðir málsaðilar lögðu fram sín sjónarmið. Framkvæmdaraðili telur að þetta sé rausnarleg mótvægisáðgerð þegar hagsmunir brimbrettaáhugamanna eru bornir saman við milljarðauppbyggingu í höfninni, sem er lífæð Þorlákshafnar og grunnurinn að lífsgæðum íbúa svæðisins. Auk þess má benda á þann þjóðhagslega ávinnings sem hlýst af því að sleppa við að sigla fyrir Reykjanesið sem fram hefur komið víða undanfarin misseri.

- „Til að taka þar af allan vafa þarf að framkvæma sjóreiknilíkan sem tekur tillit til margra þátta, þar með taldið endurkast ýmsar öldustefnur í enn fleiri ölduhæðum. Flága á brimgörðum, grófleika brimgarða og fleira. Brimbrettafélag Íslands hefur fengið í raðir sínar sérfræðing á þessu sviði. Simon Mortensen er hafnarsérfræðingur sem meðal annars hefur haldið námskeið fyrir Vegagerðina um hafnarhönnun og fleira. Simon hefur boðist til að reikna út áhrif hafnarstækkunarinnar í Þorlákshöfn í gegnum staðlar reiknilíkan sem kallast „optisurf“. Simon Mortensen starfar hjá fyrirtækinu Seaport OXP sem starfrækt er í Ástralíu. Kostnaðurinn við að reikna út þessar breytur er á bilinu 30-50.000.- Evrur. Það er vilji og ósk Brimbrettafélags Íslands að Umhverfisstofnun kosti

Þetta umhverfismat til að taka af allan vafa að breyting hafnarinnar eins og hún er lögð til nú sé ekki til að rýra gæði "Aðalbrotsins" því það yrði ekki aftur tekið."

Framkvæmdaraðili telur slíka kostnaðarsama líkangerð óþarfa þar sem hún mun ekki breyta áformum um uppbyggingu Þorlákshafnarhafnar, jafnvel þó útkoman verði neikvæð gagnvart brimbrettaöldunni. Hér eru einfaldlega hagsmunir nokkurra áhugamanna á móti gífurlegum hagsmunum heils sveitarfélags og íbúa þess.

- *„Til samantektar óskar Brimbrettafélag Íslands eftir því að vandað verði til verks við hafnarframkvæmdir og tryggt að þær skaði ekki þekktustu brimbrettaöldu Íslands "aðalbrotið". Þetta er gert með því að fara í umhverfismat á tveim þáttum er snúa að brimbrettaiðkun á svæðinu. Fjármagna þarf ítarlegt mat áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda í gegnum Seaport OXP til að taka af allan vafa að stækkun hafnarinnar eyðileggi ekki eða rýri virkni "aðalbrotsins" . Að auki óskar Brimbrettafélag Íslands eftir að Umhverfisstofnun mæli gæði sjávar og vakti gæði sjávar í kringum höfnina í Þorlákshöfn með tilliti til þeirrar útivistar sem þar er stunduð nú og til framtíðar.“*

Framkvæmdaraðili er ekki sammála því að ráðast þurfi í mat á umhverfisáhrifum til meta áhrif á áhugamál ákveðins hóps sem ekki telur marga einstaklinga og sem hefur litla sem enga hagsmuni fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Þegar hefur verið dregið úr umfangi framkvæmdarinnar til að draga úr áhrifum á ölduna og telur framkvæmdaraðili ekki hægt að ganga lengra án þess að það komi niður á höfninni. Ekki er hægt að setja alla framtíðaruppbyggingu í Þorlákshafnarhöfn í hættu til að fáir útvaldir geti sinnt áhugamáli sínu. Sveitarfélagið hefur fullan hug á því að bæta skólphreinsimál sín í nánustu framtíð en það er annað verkefni en það sem hér er fjallað um. Öll umfjöllun í umsögn BBFÍ um fráveitu og möguleg mengun af hennar völdum á ekki við og tengist ekki þeim framkvæmdum sem hér eru til umræðu.

Gunnlaugur Jónasson
Skipulagsfulltrúi Ölfus